

# 1275. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. febrúar 2025, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

**Mætt á staðfund:** Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigurður Sigfússon, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þórir Hilmarsson, Selma Björk Grétarsdóttir varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

**Mætt á fjarfund:** Harpa Sævarsdóttir.

**Gestur fundarins:** Steinunn Bragadóttir, hagfræðingur ASÍ.

**Næsti fundur:** 12. mars 2025.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, bauð fundarfólk velkomið og setti fund.

Dagskrá:

## 1. Fundargerð 1274. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerð 1274. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð rafrænt á fundinum af þeim stjórnarmönnum sem viðstaddir voru og sendir á þá stjórnarmenn sem voru fjarverandi.

## 2. Breytingar á gjaldskrám leikskóla

Halla kynnti Steinunni Bragadóttur, hagfræðing ASÍ, og bauð henni að kynna breytingar á gjaldskrám leikskóla.

Steinunn fór yfir stöðuna á glærum. Breytingar á gjaldskrám sem falla undir svokallað Kópavogsmódel voru fyrsta innleiddar haustið 2023 í leikskólum í Kópavogi. Þessar breytingar fela í sér fjárhagslega hvata til að stytta leikskóladag, 6 klst. dvöl í leikskóla er gjaldfrjáls en gjöld umfram 6 tíma eru mun hærri en áður. Í boði eru tekjutengdir afslættir, heimgreiðslur o.s.frv. Á árinu 2024 tóku Hafnarfjörður, Ísafjörður og Skagafjörður upp svipað módel og í ár Fjarðabyggð og Rangárþing Ytra.



Þessar breytingar á leikskólamállum má rekja til margra þátta, sagði Steinunn. Vanfjármögnun og skammsýni hafa einkennt þennan málaflokk sem hefur bitnað á kjörum og aðbúnaði starfsfólks. Aukin krafa hefur verið um að börn komist fyrr að á leikskóla, fjölbreytni í barnahópnum hefur aukist og aukin þörf er á stuðningi. Þá hefur stytting vinnuvikunnar reynst leikskólum erfið í framkvæmd sem og fjölgun undirbúningstíma. Mannekla er mikil og starfsmannavelta einnig.

Á síðustu árum hefur orðið mikil breyting á dvalartíma barna á leikskólum, mikill meirihluti barna er nú í 8 tíma dvöl en um aldamótin var annað hvert barn í 8 klst. eða meira. Eina leiðin til að þetta nýja kerfi leikskóla virki, er að dvalartími barna á leikskólum styttest.

Þetta módel felur í sér allt að 40% hækkun á gjaldskrá vegna 8 klst. dvalar á leikskóla. Sú litla reynsla sem komin er af Kópavogsmódelinu sýnir að dvalartími barna hafi minnkað úr 8,1 klst. í 7,5 klst. Um helmingur barna er í átta tíma dvöl en það hlutfall var 85% fyrir ári.

Könnun meðal foreldra og starfsfólks í Kópavogi sýnir að yfir helmingur barna launafólks í fullu starfi er 40 tíma eða lengur á leikskóla á viku og er þessi hópur óánægðastur með þessar breytingar. Óánægjan er meiri eftir því sem heildartekjur heimilisins eru hærrí.

Þessar breytingar valda auknu álagi á foreldra og fjölskyldur. Litlar upplýsingar liggja hins vegar fyrir um hvaða hópar hafa stytt dvalartíma og ráðstafanir foreldra vegna þessa, sagði Steinunn. Þessar breytingar fela ekki í sér hvata fyrir foreldra að fara aftur á vinnumarkaðinn en því lengur sem fólk er utan vinnumarkaðar, því erfiðara er fyrir það að snúa aftur. Breytingar sem þessar geta haft mikil áhrif á jafnrétti kynjanna til hins verra.

Umræður.

Að umræðum loknum þakkaði Halla Steinunni fyrir og yfirgaf hún fundinn kl. 18:35.

### 3. Kjaramál – staðan

Halla fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum Elkem og Norðuráls, en búið er að vísa báðum deilum til ríkissáttasemjara. Fundir eru fyrirhugaðir hjá báðum á næstunni.

Halla sagði allt stefna í að greiddur verði kauptaxtauki á árinu í samræmi við samþykkt í síðasta kjarasamningi. Þar var samið um að kauptaxtar hækki ef launaskrið verði meira en launataxtar hækkuðu og er markmiðið að tryggja starfsfólki á taxtalaunum vernd komi til launaskriðs. Það er á borði launa- og forsendunefndar að fara yfir þetta og gefa út nýja launataxta þegar launavísitala á almennum vinnumarkaði liggur fyrir.

Halla hefur verið tilnefnd sem aðalmaður í miðstjórn ASÍ vegna brotthvarfs Ragnars Þórs Ingólfssonar, fyrrverandi formanns VR. Ákveðið var að bíða með kosningu varaforseta ASÍ þangað til að yfirstöðnum kosningum til formanns í VR, en Ragnar Þór gegndi því embætti.

Á fundi miðstjórnar var rætt um vinnustaðaeftirlitið, sagði Halla, hvernig best er að háttta því. VR er reiðubúið að skoða möguleika á að eftirlitinu verði stýrt í meira mæli frá ASÍ en að ráðningarsamband við eftirlitsfulltrúa VR verði áfram hjá félaginu.

Þá skýrði Halla frá því að hún hafi fundað með fjármálaráðherra í samræmi við ákvörðun stjórnar um að fylgja eftir kröfu þess efnis að styrkir stéttarféлага vegna sálfræðipjónustu verði undanþegnir tekjuskatti. Ráðherra var jákvæður og sagðist munu skoða málið í tengslum við næsta tekjuár. Málið var rætt á fundi stjórnar í október 2024. Halla sagði félagið munu fylgja þessu eftir á vormánuðum.

Umræður

#### 4. Tillögur fyrir aðalfund VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „Tillögur fyrir aðalfund 2025 minnisblað“; Tillaga að stjórnarlaunum 2025-2026 minnisblað“ og „Minnisblað til stjórnar vegna gullmerkis 2025“ til kynningar og afgreiðslu.

Tillögur fyrir aðalfund eru sem hér segir:

**Fundarstjóri:**

Guðmundur B. Ólafsson

**Fundarritari:**

Steinunn Böðvarsdóttir

**Tillaga um framlag í VR varasjóð:**

Ekki liggur fyrir hver afkoma félagsins fyrir árið 2024. Í áætlun var reiknað með að framlagið verði 1.050 m.kr. sem sama upphæð og árið áður. Endanleg tillaga kemur þegar ársreikningur liggur fyrir.

**Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:**

Tillaga að PWC sjái um endurskoðun VR fyrir reiknisárið 2025.

**Kosning á skoðunarmönnum:**

Tillaga um Þóru Skúladóttur Öfjörð og Svein Enok Jóhannsson sem skoðunarmenn og Kristján Gísli Stefánsson sem varaskoðunarmann VR. sbr. 27. gr. laga VR.

**Tillaga um félagsgjald:**

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% rennur í félagssjóð VR og 0,05% renni í Vinnudeilusjóð VR.



Tillaga um stjórnarlaun:

Sjá tillögu frá launanefnd „Tillaga að stjórnalaunum til stjórnar VR 2025-2026“

### **Tillaga að veitingu á gullmerki félagsins:**

Tillaga að veita Jóhönnu. S Rúnardóttur, Jóni Hrafni Guðjónssyni og Árna Leóssyni gullmerki. Sjá nánar Minnisblað til stjórnar vegna gullmerkis 2025.

### **Tillaga um lagabreytingar:**

Tillögur um 18 efnislegar breytingar á lögum félagsins verða lagðar fyrir aðalfund, auk þriggja vegna mögulegrar sameiningar við Leiðsögn, sjá skjalið „Lagabreytingartillögur fyrir aðalfund 2025“.

Halla fjallaði um tillögu um félagsgjald í tengslum við umræður um mögulegar breytingar á styrkjakerfi félagsins og upptöku fæðingarstyrks, eins og rætt var á nýlegum vinnufundi stjórnar. Þar kom til umræðu hækkun félagsgjalds til að mæta mögulegum breytingum á styrkjum VR.

Halla lagði til að unnin verði tillaga að styrkjakerfi í takt við hefðbundna styrki hjá öðrum stéttarfélögum og það verði kostnaðarmetið í samanburði við VR varasjóð. Niðurstaðan yrði svo kynnt fyrir stjórn, kynnt á félagsfundum og síðan lagt í atkvæðagreiðslu meðal félagsfólks um hvora leiðina félagið eigi að fara, taka upp hefðbundið styrkjakerfi eða halda óbreyttu kerfi, VR varasjóði.

Umræður

Að umræðum loknum lagði Halla til að formanni og framkvæmdastjóra verði veitt umboð til að vinna þessa hugmynd áfram.

Samþykkt

Sigríður Lovísa Jónsdóttir, formaður launanefndar stjórnar, fór því næst yfir tillögur um stjórnarlaun. Fyrir fundinum lá skjal með tillögu launanefndar sem felur í sér að stjórnarlaun hækki í samræmi við hækkun launavísitölu VR, eða um 5,4% og verði 81.612 kr., laun fyrir nefndarsetu verði 6.849 kr.

Tillaga launanefndar er svohljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Grand hóteli miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að stjórnarlaun verði 81.612 kr. á mánuði fyrir komandi starfsár stjórnar. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum.

Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn 6.849 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.

Auk þess er heimilt að greiða stjórnarfólki launatap, sem það kann að verða fyrir vegna starfa fyrir félagið eins og vegna þinga ASÍ og LÍV, seta í ráðum og nefndum á vegum VR sem ekki er greitt sérstaklega fyrir.

VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

Þá óskaði launanefnd eftir umræðum um hvort leggja eigi niður að formenn framkvæmdastjórna Sjúkrasjóðs og Orlofssjóðs fái 1,5 stjórnarlaun.

Að lokum lagði launanefnd til að leggja fyrir aðalfund félagsins tillögu þess efnis að stjórnarfólk fái greitt fyrir vinnu utan stjórnarstarfa þegar það verður fyrir launaskerðingu eins og tíðkast hefur og var samþykkt á síðasta aðalfundi. Þetta á við um þing ASÍ og LÍV, vinnufundi stjórnar og setu í ráðum og nefndum t.d. hjá ASÍ þar sem ekki er greitt sérstaklega fyrir slíka fundarsetu. Einnig væri inn í þessu launatap fyrir stjórnafólk sem er í viðræðunefnd vegna kjarasamningsgerðar.

Umræður

Í umræðum lagði Diljá Ámundadóttir til að launanefnd taki til endurskoðunar útreikning launa stjórnar.

Halla lagði til að lögð verði fyrir aðalfund tillaga launanefndar um hækkun launa stjórnar í takt við hækkun launavísitölu VR eða um 5,4% og að stjórnarlaun verði 81.612 kr. á mánuði.

Samþykkt.

Þórir Hilmarsson fer af fundi kl. 20:45

Halla leggur til að lengja fund til kl. 21:30. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

Miklar umræður urðu um laun formanna framkvæmdastjórna sjóða félagsins sem og um greiðslu launataps. Halla lagði fram tillögu þess efnis að málið liggi milli funda og unnið áfram. Á næsta fundi stjórnar í mars verði síðan kynnt tillaga um tilhögun hvoru tveggja.

Samþykkt.

Umræðu um tillögur að gullmerkishöfum var frestað.

## 5. Tillögur að lagabreytingum

Fyrir fundinum lágu skjölin „Aðalfundur 2025 – lagabreytingar heildarskjal“ og „Lagabreytingatillögur fyrir aðalfund 2025“ til kynningar og afgreiðslu.

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, formaður laganefndar VR, fór yfir tillögur nefndarinnar að breytingum á lögum VR.

Umræður

Í umræðum var samþykkt að vinna betur tillögur nr. 6 og 9 sem snúa að brottvikningu formanns / stjórnarmanns og fulltrúa úr trúnaðarráði vegna brota á starfsskyldum eða brota gegn hagsmunum félagsins. Þessar tillögur verða ekki lagðar fyrir aðalfund í mars, en verða áfram ræddar innan stjórnar.

Eftirtaldar breytingar á lögum félagsins voru lagðar fyrir fundinn og samþykkt að leggja þær fyrir aðalfund (breytingar merktar með rauðu, rökstuðningur fyrir þeim í grænu):

### 2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks, sérfræðinga og stjórnenda á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála er verða mega til aukinna réttinda og menningar og bættra kjara launafólks í landinu.

Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsfólk sitt og kemur fram fyrir hönd þess gagnvart stjórnvöldum og öðrum, að því er varðar hagsmuni félagsfólks.

### 3. gr. Félagsaðild - 1. og 2. mgr.

Félagið er opið öllu verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólki, sérfræðingum og stjórnendum, háskólamenntuðum sem öðrum.

Félagsfólk geta þau orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launafólk og starfa eftir kjarasamningum VR eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði starfssviði VR.

Rökstuðningur fyrir ofangreindum breytingum vegna félagsaðildar:

Rétt þykir að skerpa á því hver getur verið félagi í VR. Í núverandi lögum segir að félagsfólk geti verið þau sem starfa við verslunar-, þjónustu og skrifstofustörf. Margt félagsfólk í skrifstofustörfum starfar sem sérfræðingar á ýmsum sviðum og þykir því rétt að hnykkja á því að félagið sé opið sérfræðingum. Þá hefur félagið alla tíð verið opið fyrir öllu skrifstofufólki, þar með talið stjórnendum, en einnig þykir rétt að skerpa á því í lögum félagsins að svo sé.

VR hefur ætíð verið opið fyrir öllu skrifstofufólki óháð starfsheiti og menntun. Í gegnum tíðin hafa störf breyst og ný starfsheiti orðið til hjá félagsfólki sem starfar á skrifstofu. Þá hafa kröfur um menntun breyst, t.d. er nú gerð krafa um háskólamenntun þar sem áður var gerð krafa um verslunarpróf hjá félagsfólki á skrifstofu. Því þykir rétt að skerpa á því að félagið er opið öllum óháð menntun.

Breyting á 3. gr. um félagsaðild:

Félagsaðild byggir á starfssviði VR samkvæmt 2. og 3. greinum laganna. Mikilvægt er að hnykkja á þessari kröfu þannig að félagsfólk starfi samkvæmt þeim kjarasamningum sem félagið semur um.

### 3. gr. Félagsaðild - 3. mgr.

Félagsfólk sem missir starf sitt á vinnumarkaði getur áfram verið félagsfólk gegn greiðslu félagsgjalds af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til VR. Hafi það ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótageiðslna skal það hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta. [Sama á við um þau sem fá greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.](#)

Rökstuðningur:

Hér er lagt til að launafólk sem er í fæðingarorlofi njóti sama réttar og þau sem fá greiðslur úr atvinnuleysistryggingasjóði.

### 4. gr. Innganga í félagið

Um iðgjöld þeirra sem ~~ekki~~ kjósa að gerast ~~ekki~~ félagsfólk gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma. Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs. Nýjum félögum og sjálfstætt starfandi sem óska aðildar að félaginu er skylt að veita upplýsingar um starfssvið, áætlaðar tekjur og gögn frá opinberum aðilum til staðfestingar á tekjum sé þess óskað.

Rökstuðningur:

Félagsfólk í VR sækir ekki formlega um inngöngu í félagið heldur er aðild þeirra sjálfkrafa skráð með skilum á félagsgjöldum. Félagsfólk getur hins vegar valið að gerast ekki félagi. Þetta er ekki nógu skýrt í fyrstu setningu málsgreinarinnar og er því lagt til að umorða hana eins og segir að ofan.

### 10. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og þrír til vara. Formaður skal kosinn til fjögurra ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir sjö í einu til fjögurra ára og annað hvert ár ganga sjö úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til tveggja ára í senn. ~~Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir.~~ Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur. Stjórnin kys sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum. Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.



Rökstuðningur:

Ákvæði um að stjórnarmaður víki ef viðkomandi starfar ekki lengur á starfssviði VR er tvítekið í lögnum, hér í 10. gr. en einnig í 11. gr. þar sem það tekur til fleiri þátta varðandi hæfi stjórnarmanna. Ákvæði í 11. gr. um að stjórnarmaður víki uppfylli hann ekki lengur hæfisskilyrði var breytt á aðalfundi 2024 til að ná einnig til hæfis sem varðar starfssvið, en þá náði það til fjárhagslegs sjálfstæðis, eignarhluta í fyrirtækjum, stöðu í fyrirtæki og að viðkomandi stjórnarmaður hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Ekki er um efnislega breytingu að ræða. Því er lagt til að þetta verði felld úr 10. gr. en standi óbreytt í 11. gr.

## 11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10. gr. og, ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu starfa á starfssviði VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. fimm árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Það sama á við þó eignarhlutur þeirra sé undir 5%, fari máki stjórnarmanns eða börn hans með ráðandi hlut í slíku fyrirtæki. Stjórnarmenn mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu [eða segja sig frá stjórnarsetu](#) víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn sæti í þeirra stað [fram að næstu kosningum til stjórnartil loka kjörtímabilsins](#). Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. [34.](#) mgr., 20.3. gr., að teknu tilliti til 7. mgr. sömu greinar.

Rökstuðningur:

Krafa um að stjórnarmenn/formaður víki tafarlaust úr stjórn vísar einungis til stjórnarmanna sem missa hæfi sitt, miðað við þær hæfiskröfur sem tilgreindar eru í greininni. Sömu kröfu, um að stjórnarmaður víki sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn, verður að gera til stjórnarmanns sem segir sig frá stjórnarsetu, viðkomandi verður að víkja tafarlaust, eins og eðlilegt getur talist. Því er lagt til að bæta því við í greinina.

Þá er einnig lagt til að varamenn taki sæti stjórnarmanna sem ber að víkja úr stjórn og þeir sitji fram að næstu kosningum til stjórnar, óháð kjörtímabili stjórnarmanna sem um ræðir. Ef kjörtímabil þess stjórnarmanns sem hættir er ekki lokið þegar kemur að næstu stjórnarkosningum, eru fleiri aðalmenn kosnir í samræmi við lengd kjörtímabils þess sem hættir í stjórn. Ef kosnir eru inn auka stjórnarmenn á þessum forsendum skulu þeir koma á eftir þeim aðalmönnum sem kjósa skal.

Dæmi: Kjósa skal sjö stjórnarmenn til fjögurra ára. Einn stjórnarmaður sem á eftir af sínu kjörtímabili 2 ár segir sig úr stjórn. Þeir sjö sem fá flest atkvæði og eftir kynjafléttu eru kjörnir til fjögurra ára næsti stjórnarmaður inn væri kjörinn til tveggja ára og á eftir honum kæmu varamenn.

Í síðustu setningu greinarinnar er röng tilvísun í 3 mgr., 20.3 gr. og er það leiðrétt hér.

## 13. gr. Stjórnarfundir



Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það sem á fundunum gerist skráð í sérstaka fundargerðarbók, í samræmi við starfsreglur stjórnar hverju sinni. Fundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Formaður sér um að boða til funda og stjórnar þeim. Formaður Ritari stjórnar sér um að fundargerðir séu ritaðar gerðarbók sé rituð og hún varðveittar með öruggum hætti.

#### Rökstuðningur:

Í starfsreglum stjórnar er kveðið á um hvernig rita skuli fundargerðir. Hér er gerð tillaga um að færa orðalag málgreinarinnar nær því sem fram kemur í starfsreglum stjórnar en þar segir að rita skuli fundargerðir í fundargerðarbók. Þar segir jafnframt, um hlutverk ritara, að hann gæti þess að fundargerðir séu ritaðar og varðveittar.

#### 14. gr. Trúnaðarráð

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, varastjórnar, stjórnar Ungliðaráðs, formanns Öldungadeildar Öldungaráðs stjórnir deilda sem verða til við sameiningu VR og annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til fjögurra ára í senn. Njóti formaður Öldungaráðs ekki kjörgengis samkvæmt 3. gr. laga VR skal viðkomandi hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum trúnaðarráðs, en ekki atkvæðisrétt. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir eða þegar a.m.k. fjórir stjórnarmenn eða 15 fulltrúar úr trúnaðarráði krefjast fundar skriflega.

#### Rökstuðningur:

Hér eru gerðar tvær leiðréttingar á samþykkt frá aðalfundi 2024, þ.e. að Ungliðaráð fái aðild að trúnaðarráði í heild sinni, þar sem ráðið hefur ekki eiginlega stjórn, og að fulltrúi eldri félaga í ráðinu er formaður Öldungaráðs en ekki Öldungadeildar.

Í 2. gr. starfsreglna Öldungaráðs segir „Í Öldungaráð VR er skipað annað hvert ár þar sem 3 eru kosin af félagsfólki, 65 ára og eldra, til tveggja ára í senn, auk 2 til vara.“

Í 5. mgr. 3. gr. um félagsaðild segir:

„Eldra félagsfólk sem fær greiddan ellilífeyri og hefur verið í félaginu í a.m.k. 5 ár samfellt fyrir töku eftirlauna telst áfram félagsfólk í VR en nýtur ekki kjörgengis.“

Eldri félagar í VR, samkvæmt skilgreiningu 3. gr., hafa þannig ekki kjörgengi til trúnaðarráðs en geta boðið sig fram til Öldungaráðs samkvæmt reglum ráðsins. Formaður Öldungaráðs er hins vegar sjálfkrafa í trúnaðarráði. Hér er lagt til að í þeim tilfellum þegar formaður Öldungaráðs er eldri félagi skv. skilgreiningu í 3. gr., hafi

viðkomandi bæði málfrelsi og tillögurétt á fundum trúnaðarráðs en ekki atkvæðisrétt.

## 15. gr. Deildir

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum /atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsfólks í starfsgreinum / atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/ atvinnugreinarnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á **deildarfundirársfundi**. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki þremur aðilum sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er **fjögur tvö** ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan **starfsgreinarinnardeildarinnar**. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

### Rökstuðningur:

Hér eru lagðar til þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er gerð sú breytinga að stjórn deildar sé kosin á ársfundi en ekki deildarfundir, og er það til að samræma lögini við framkvæmd kosninga í stjórn deilda. Þá er lögð til leiðrétting á orðalagi setningar sem varðar ráðstöfun fjármuna deildarinnar en þar segir að stjórn hafi fé til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarinnar. Hið rétta er að stjórn deilda geta ráðstafað þessu fjármangi til fræðslu- og menningarmála innan deildarinnar.

Þriðja breytingin varðar lengd kjörtímabils stjórnar deilda. Á aðalfundi 2024 var samþykkt að lengja kjörtímabil til formanns, stjórnar og trúnaðarráðs VR. Sú breyting var einnig látin taka til deilda félagsins. Laganefnd leggur til að þessu verði breytt aftur til fyrra horfs, fjögurra ára kjörtímabil stjórna deilda kann að vera of langt þegar um er að ræða stjórnir deilda. Erfitt hefur reynst að manna stjórnir deilda og það gæti reynst erfiðar ef kjörtímabilið er lengt.

## 20.1. Um kosningu formanns og stjórnar – 1. mgr.

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu fjórða hvert ár. **Árlega Annað hvert ár** skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og þrjú varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu.

### Rökstuðningur:

Þau mistök urðu þegar gerðar voru breytingar á kjörtímabili forystu félagsins á aðalfundi 2024 að þessi málsgrein var ekki uppfærð í takt við þær breytingar. Það er leiðrétt hér.

## 20.2. Um kosningu í trúnaðarráð – 1. mgr.

Annað hvert ár skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til fjögurra ára í senn. Missi trúnaðarráðsliði hæfi til setu í ráðinu sbr. 3 mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41 sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til **tveggja áraeins árs**.

Rökstuðningur:

Þau mistök urðu þegar gerðar voru breytingar á kjörtímabili forystu félagsins á aðalfundi 2024 að þessi málsgrein var ekki uppfærð í takt við þær breytingar. Það er leiðrétt hér.

### 20.3. Um framkvæmd kosninga

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf **kjördagskosninga**. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Rökstuðningur:

Um framkvæmd kosninga til forystu í VR fer samkvæmt reglugerð ASÍ. Í 11. gr. reglugerðarinnar segir: „Atkvæðagreiðsla skal standa yfir a.m.k. í 3 sólarhringa.“ Því er ekki um að ræða einn kjördag, heldur að lágmarki þrjá. Laganefnd leggur til að hér verði litið til þessa ákvæðis í reglugerð ASÍ og orðinu kjördagur breytt í ljósi þess.

### 21. gr. Kjör á þing LÍV og ársfund þing ASÍ

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og **ársfund þing** Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Komi til allsherjaratkvæðagreiðslu um lista fulltrúa þarf samþykki allra þeirra sem á listanum eru að liggja fyrir. Til að listi sem borinn er fram gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sé löglega fram borinn þarf hann skrifleg meðmæli 1% félagsfólks. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

Rökstuðningur:

Alþýðusamband Íslands heldur annað hvert ár þing en ekki ársfund og er það uppfært hér.

### 23. gr. Aðalfundir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok **apríl-mars** ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með tíu daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn er heimilt að halda aðalfund með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsfólks á slíkum rafrænum aðalfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Rökstuðningur

Í lögum VR, 9. mgr., 20.3. gr. Um framkvæmd kosninga, segir „Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15. mars ár hvert.“



Í 23. Gr. Aðalfundur segir „aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram.“

Ljóst er að aðalfund skal alltaf halda í mars og er það leiðrétt hér.

## 24. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
4. Reikningar félagsins fyrir liðið **starfsár almanaksár** lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
6. Lýst kjöri **formanns**, stjórnar og trúnaðarráðs, **þegar við á.**
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
10. Önnur mál.

Rökstuðningur:

Breyting á lið #4:

Reikningar félagsins eru lagðir fram á aðalfundi til samþykktar og miða við almanaksárið, ekki starfsár stjórnar, og er það leiðrétt hér.

Breyting á lið #6:

Kjöri formanns er lýst á aðalfundi, þegar formannskosning fer fram. Í samræmi við breytingar á ákvæðum laga VR um kjörtímabil sem samþykktar voru á aðalfundi 2024 er kosið til formanns á fjögurra ára fresti en til stjórnar á tveggja ára fresti, helming stjórnar og þriggja varamanna í hvert skipti. Í ljósi þess að kjöri formanns er lýst sérstaklega á aðalfundi telur laganefnd að tilgreina skuli það í dagskrá aðalfundar þegar hann er auglýstur, þegar það á við.

## 25. gr. Félagsfundir

Heimilt er stjórn að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. **Gjörðabók-Fundargerðarbók** skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins. Stjórn er heimilt að halda félagsfundum með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsfólks á slíkum rafrænum félagsfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.

## Rökstuðningur:

Laganefnd lagði til breytingar á 6. Gr. um stjórnarfundir þar sem fjallað er um ritun fundargerða. Laganefnd leggur til að hér verði gætt samræmis og talað um fundargerðarbók en ekki gjörðabók.

Selma Björk Grétarsdóttir fór af fundi kl. 21.20.

Kristjana kynnti því næst tillögur að breytingum á lögum sem leggja þarf fyrir aðalfund, verði sameining VR og Leiðsagnar samþykkt á fundinum. Þessar tillögur gera ráð fyrir að breytingar á 2. og 3. gr. um félagsaðild sbr. að ofan verði samþykktar á aðalfundinum.

Umræða og atkvæðagreiðsla verður um þessar tillögur undir lið #6, Sameining VR og Leiðsagnar.

### 1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness, Hvalfjarðarsveitar, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fljótsdalshrepps og Fjarðabyggðar. [Félagssvæði leiðsögufólks í VR nær yfir allt landið.](#) Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## Rökstuðningur

Félagssvæði VR nær nú yfir landssvæði þar sem félagið er með starfsemi og/eða rekur skrifstofur. Vegna sameiningar við Leiðsögn er nauðsynlegt að endurskoða þessa skilgreiningu á félagssvæðinu þar sem félagssvæði Leiðsagnar nær yfir allt landið. Því er lagt til að félagssvæði VR nái yfir allt landið þegar kemur að félagsfólki sem starfar skv. kjarasamningu Leiðsagnar við SA.

### 2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag [verslunarfólks](#), [þjónustufólks](#), [og skrifstofufólks](#), [leiðsögufólks](#), sérfræðinga og stjórnenda á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála er verða mega til aukinna réttinda og menningar og bættra kjara launafólks í landinu.

### 3. gr. Félagsaðild - 1 mgr.

Félagið er opið öllu verslunarfólki, þjónustufólki, [og skrifstofufólki](#), [leiðsögufólki](#), sérfræðingum og stjórnendum, háskólamenntuðum sem öðrum.

Rökstuðningur:

Sameining VR og Leiðsagnar kallar á endurskoðun á lýsingu á starfssviði félagsins og er hér leiðsögufólki bætt við.

### 3. gr. Félagsaðild - 9 mgr.

Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagar í VR með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða. ~~auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu. Sjálfstætt starfandi njóta ekki kjörgengis í félaginu en geta boðið sig fram til setu í stjórn deildar leiðsögufólks.~~ Sjálfstætt starfandi og/eða eigendur fyrirtækja eiga ekki rétt á að greiða atkvæði um kjarasamninga eða verkföll.

Rökstuðningur:

Stór hluti leiðsögufólks sem mun mynda deild leiðsögufólks í VR er sjálfstætt starfandi. Það er mikilvægt að þau geti tekið virkan þátt í starfi deildarinnar. Þar sem sjálfstætt starfandi í VR njóta almennt ekki kjörgengis, er hér lagt til að leiðsögufólk sem starfar sjálfstætt fái undanþágu frá þessu ákvæði þegar kemur að setu í stjórn deildar leiðsögufólks.

Halla lengir fund til kl. 22:00. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

### 6. Sameining VR og Leiðsagnar

Fyrir fundinum lá skjalið „Sameining VR og Leiðsagnar“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir stöðuna. Stjórn VR samþykkt á fundi stjórnar 3. júní 2024 að ganga til viðræðna um sameining við Leiðsögn - félag leiðsögumanna. Gengið var frá samningi sama dag. Frá þeim tíma hefur VR tekið yfir starfsemi Leiðsagnar með sérstökum þjónustusamningi.

Stefán sagði að í kvöld [12. febrúar 2025] væri félagsfundur hjá Leiðsögn þar sem farið væri yfir drög að starfsreglum deildar leiðsögufólks í VR.

Í samningi um sameiningu var gert ráð fyrir því að leiðsögufólk sem kæmi inn í VR ætti ekki aðild að orlofssjóði VR þar sem ekkert iðgjald verður greitt í orlofssjóð. Ástæða þess er að í kjarasamningi Leiðsagnar við SA er veikindaréttur styttri en í kjarasamningum VR. Í samningi félaganna er stefnt að því að samræma veikindarétt í kjarasamningi Leiðsagnar við veikindarétt VR.

Lagt er til að leiðsögufólk greiði sama iðgjald í sjúkra- og orlofssjóð eins og félagsfólk VR og hafi aðild að orlofssjóði eins og aðrir VR félagar en hefði minni réttindi í sjúkrasjóði vegna lakari veikindaréttar í sínum kjarasamningi. Tvær útfærslur eru mögulegar; að leiðsögufólk hefði sama rétt og það hefur í sjúkrasjóði Leiðsagnar í dag eða fjóra mánuði eða að réttur í sjúkrasjóði væri færri sem næmi mismun á veikindarétti.

Umræður





Að umræðum loknum var lögð fyrir fundinn tillaga þess efnis að framkvæmdastjóri félagsins fengi umboð til að vinna málið áfram í sameiningarviðræðum við Leiðsögn.

Samþykkt

Þá voru tillögur að breytingum á lögum vegna sameiningar við Leiðsög lagðar fyrir fundinn (sjá lið #5), með þeim fyrirvara að ákvæðin falli úr gildi, samþykki Leiðsögn ekki sameiningu félaganna.

Samþykkt.

## 7. Biðlaun formanns VR

Undir þessum lið véku af fundi Halla Gunnarsdóttir formaður og Bjarni Þór Sigurðsson, sem býður sig fram til formanns félagsins í kosningum í byrjun mars. Varaformaður félagsins, Ólafur Reimar Gunnarsson, tók við stjórn fundarins í fjarveru Höllu.

Fyrir fundinum lá skjalið „Biðlaun formanns VR minnisblað“ til kynningar og afgreiðslu.

Sigríður Lovísa kynnir tillögu launanefndar um breytingar á rétti formanns VR til biðlauna. Lovísa sagði ástæðu fyrir biðlaunum formanns þá að hann sé kjörinn til ákveðins tíma og þegar því tímabili líkur getur tekið hann tíma að finna nýtt starf og því eru greidd biðlaun í ákveðinn tíma vegna þeirrar óvissu. Ákvæði um biðlaunarétt í starfssamningum formanna hefur verið sem hér segir:

„Formaður sinnir störfum fyrir félagið á hverju kjörtímabili og er samningur þessi því óuppsegjanlegur af hálfu félagsins á meðan það varir. Nái formaður ekki kjöri eða býður sig ekki fram til starfans að nýju á hann rétt á launum á uppsagnarfresti næstu 6 mánuði, frá aðalfundi talið, án starfsframlags.“

Launanefnd leggur til að biðlaunaréttur formanns verði eins og hjá alþingismönnum, biðlaun verði ekki greidd ef formaður fer í nýtt starf, en ef laun fyrir nýja starfið eru lægri er greiddur mismunur þeirra og launa sem formaður hafði frá VR. Lagt er til að biðlaunaréttur verði óbreyttur eða 6 mánuðir.

Umræður

Að loknum umræðum voru lagðar fram eftirfarandi tillögur:

1. Biðlaunaréttur verði 3 mánuðir ella 6 mánuðir.
2. Laun falli niður þegar formaður fær nýtt starf eftir að hann hættir.
3. Ekki verði greiddur mismunur launa formanns frá VR og nýs starfs, ef laun í nýju starfi eru lægri.

Greidd voru atkvæði um fyrri hluta í lið #1, að réttur til biðlauna verði 3 mánuðir.  
4 greiddu atkvæði með tillögunni og telst hún ekki samþykkt.

Greidd voru atkvæði um seinni hluta í lið #1, að réttur til biðlauna verði 6 mánuðir.  
7 greiddu atkvæði með tillögunni og telst hún samþykkt.

Greidd voru atkvæði um lið #2, að réttur til biðlauna falli niður þegar formaður fær nýtt starf eftir að hann hættir.  
9 greiddu atkvæði með tillögunni og telst hún samþykkt.

Í ljósi þess að tillaga #2 var samþykkt, og hún gengur lengra en tillaga #3, var ekki gengið til atkvæða um tillögu #3.

Halla lengdi fund til kl. 22:30. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

## 8. Tillögur að lagabreytingum hjá LÍV

Fyrir fundinum lá skjalið „Lagabreytingar LÍV tillögur minnisblað til stjórnar VR feb 2025“ til kynningar og afgreiðslu.

Halla fer yfir tillögur að breytingum á lögum Landssambands Ísl. verzlunarmanna. Fyrsta tillagan snýr að fulltrúakjör og vægi skv. 11. gr. Í tillögu stjórnar LÍV er lagt til að hámark sé sett á heildarfjölda þingfulltrúa með það að markmiði að auka fyrirsjáanleika sem einfaldar undirbúning og skipulagningu. Jafnframt er lagt til að hvert aðildarfélag eigi rétt á því að senda að lágmarki 2 fulltrúa (er 1 núna).

Tvær tillögur varðandi kjör stjórnar, 16. gr., voru lagðar til; að núverandi grein standi óbreytt eða að gerð verði töluverð breyting á því hvernig sætum er úthlutað í stjórn og framboðsfrestur á þinginu lengdur á sama tíma. Tilgangur tillagna um breytingar á greininni er að festa hlutföll í stjórn þannig að ákveðnum fjölda þingsæta sé úthlutað til VR, ákveðnum fjölda til aðildarféлага og ákveðnum fjölda til deilda. Þetta hlutfall haldist óbreytt komi til kosninga og sömuleiðis vegna formanns. Jafnframt er lagt til að framboðsfrestur á þinginu verði lengdur og það sé skýrt hver taki á móti framboðum.

Þriðja breytingatillagan snýr að 18. gr. og er til að tryggja leynilega kosningu. Lagt er til að einfaldur meirihluti ráði úrslitum í öllum kosningum nema ákvæði laganna mæli fyrir um annað. Með þessari breytingu er aflögð hlutfallskosning og tekin upp sú regla að hver þingfulltrúi hafi 1 atkvæði.

Síðasta tillagan er uppfærsla á 36. gr. varðandi úrsögn úr félaginu. Stjórn náði ekki samstöðu um hlutfall varðandi atkvæðagreiðslu um úrsögn en leggur til að annað hvort sé það einfaldur meirihluti eða 2/3 hlutar atkvæða sem ráði.

Umræður

Jennifer Schröder fer af fundi kl. 22:08.

Í umræðum var undirstrikað að um heimild væri að ræða en ekki skyldu þegar kemur að rétti félaga til að senda 2 fulltrúa á þing LÍV að lágmarki.

Hvað varðar breytingar á 16. gr. um kjör stjórnar sambandsins lagði Halla til að ekki verði fallist á breytingar á kjörinu, með þeim sé í raun verið að leggja af atkvæðagreiðslu til stjórnar. Halla leggur til að VR samþykki að hver fulltrúi fái eitt atkvæði. Hvað varðar úrsögn úr sambandinu, leggur Halla til að einfaldur meirihluti dugi, ekki eigi að þurfa aukinn meirihluta.

Að umræðum loknum lagði Halla til að tillögur að breytingum á lögum LÍV liggi milli funda, fulltrúar félagsins í stjórn sambandsins útfæri hugmyndir VR betur og kynni á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt.

## **9. Gjafabréf Icelandair – staðan**

Stefán Sveinbjörnsson rifjaði upp að Icelandair hafi tilkynnt félaginu um einhliða lækkun afsláttar til VR vegna gjafabréfa í flug úr 10% í 7% á síðasta ári, og hafi breytingin tekið gildi í upphafi þessa árs. VR og önnur stéttarfélög gerðu athugasemdir við þetta og hafa staðið yfir viðræður milli aðila. Stefán sagði stöðuna þá að VR hafi sent Icelandair tillögur um lausn á málinu og er það í skoðun hjá flugfélaginu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:25.